

Skautasamband Íslands

# SKÝRSLA STJÓRNAR 2025 – 2026



27. Skautaþing ÍSS  
9. maí 2026

# Stjórn ÍSS var skipuð svo

Svava Hróðný Jónsdóttir	Formaður
Þóra Sigríður Torfadóttir	Varaformaður
Ingibjörg Pálsdóttir	Gjaldkeri
Rakel Hákonardóttir	Ritari
Anna Kristín Jeppesen	Meðstjórnandi
Aldís Lilja Sigurðardóttir	Varamaður
Guðrún Brynjólfsdóttir	Varamaður
<hr/>	
Sigríður María Fortescue	Framkvæmdastjóri
Svava Hróðný Jónsdóttir	Afreksstjóri



## UPPHAF STARFSTÍMA STJÓRNAR

### Fyrstu verkefni kjörinnar stjórnar

- Að skipta með sér verkum
- Kynna sér reglur ÍSS og ISU sem og siðareglur
- Formenn nefnda skipaðir ásamt áheyrnarfulltrúum
- Fastur fundartími settur mánaðarlega

Í upphafi starfstíma þarf að ljúka starfsárinu og hefja um leið undirbúning fyrir næsta keppnistímabil. Þetta getur verið annasamur tími og því gott að stjórn var skipuð reynsluboltum. Eins og síðustu ár var ákveðið að halda áfram vinnu við það að efla og þróa skautahlaup á Íslandi með það að markmiði að sækja um aðild til Alþjóða skautasambandsins (ISU) fyrir lok tímabilsins.

Einnig var haldið áfram með að leggja áherslu á afreksmál og nýta þá möguleika sem okkur standa til boða.

## NEFNDIR ÍSS

Nokkur stöðugleiki náðist á forystu nefnda ÍSS. Þó erum við alltaf í leit að metnaðarfullu og duglegu fólki til þess að vera í nefndarstarfi með okkur.

Með samvinnu nefnda og stjórnar hefur tekist að halda utan um öll mikilvægustu málefnin, klára það sem var ólokið og vinna vel að uppbyggingu skautaiþróttar.

**“Ömurlegt að í landi sem heitir Ísland, að það sé ekki hægt að iðka ísíþróttir”**

Grein eftir Þóru Gunnarsdóttur sem birt var á [dv.is](http://dv.is)



# AFREKSMÁL

Vinna með fagteymi og heilbrigðisteymi ÍSS er einn mikilvægasti þátturinn í afreksstarfinu.

ÍSS hefur unnið áfram með Sólveigu Dröfn Andrésdóttur, sjúkraþjálfara, en hún hefur séð um íþróttamælingar fyrir ÍSS. Auk þess hafa verið fengnir sérfræðingar inn í margvíslega kennslu, svo sem sálfræðingar og næringarfræðingar.



Afreksstjóri hefur yfirumsjón með afreksverkefnum og fylgir þeim eftir.

ÍSS starfar samkvæmt Afreksstefnu sinni sem samþykkt er á skautapingi ár hvert og gildir í tvö ár í senn. Er þetta skilyrði frá ÍSÍ og Afrekssjóði ÍSÍ sem þarf að uppfylla til þess að sækja styrki í sjóðinn. Skautasambandið getur ekki haldið út afreksstarfi sínu nema með hjálp þessara styrkja.

Í fyrsta sinn á Íslandi var settur upp íþróttalaunasjóður, en hann er hugsaður sem stuðningur við íþróttafólk á fremsta stigi og er greitt út sem launagreiðslur.

Júlía Sylvía og Manuel voru hluti af fyrsta hópnum sem gerðu samning við ÍSÍ um launagreiðslur til íþróttamanna.



Eftir mikla vinnu við skilgreiningu á afreksstarfi sambandsins og þrotlausri vinnu með Afrekssjóði ÍSÍ náðum við að halda í þá hækkun á styrkjum sem unnist höfðu. Ákveðinn sveigjanleiki er nú mögulegur svo að fjárveitingar til ÍSS fara á rétta staði og nýtast okkar afreksstarfi sem best.

Útséð er að einhverjar breytingar verða á næstu misserum innan Afrekssjóðs ÍSÍ, en fulltrúar ÍSS taka virkan þátt í þeirri vegferð.

Við höldum þó áfram að vinna afreksstarfið í samræmi við það fjármagn sem við höfum hverju sinni, á meðan passað er upp á gæði starfsins og að peningum sé varið á réttum stöðum.



Ákveðið var að breyta út af vanalegri dagskrá og halda afreksæfingabúðir í lok maí. Var þessi ákvörðun tekin í samráði við þjálfara og var almenn ánægja með breytinguna.

Æfingabúðirnar fóru fram á Akureyri og var góð þátttaka skautara í Basic Novice, Advanced Novice og Junior keppnisflokkum. Með því að sameina hæfileikamótun með afreksæfingabúðum náum við að samnýta sérfræðingana og aðstöðu og veita þannig báðum hópum betri þjónustu og upplifun.

Ashley Wagner kom og sá um þjálfun á ís í æfingabúðunum en hún var að koma í annað sinn til okkar og þekktu því margir skautaranna vel til hennar.

Einnig var metnaðarfull af ís þjálfun og fyrirlestrar. Allt í allt frábær vika með metnaðarfullum skauturum.

Í lok maí fór fram seinni heimsókn í ISU Visiting Coach verkefninu. Barbara Luoni kom að nýju og með henni í för var Ariadna Gupta, ein af skauturum hennar.

Svona verkefni eru góð leið fyrir þjálfarana okkar og veita þeim nauðsynlega fræðslu. Samhliða því fá skautararnir okkar tækifæri til þess að læra og þróast.

ÍSS hefur fengið staðfest áframhald í verkefninu og er von á því að Barbara komi í maí auk tveggja annarra heimsókna á haustmánuðum.



Seinni æfingabúðir tímabilsins fóru fram í beinu framhaldi af Northern Lights Trophy. Þar taka þátt skautarar úr Senior, Junior og Advanced Novice.

Nýttir voru sérfræðingar af dómaraþingi til þess að vinna áfram með skauturunum, greina þróun þeirra og vinna með þau atriði sem talið var að hægt væri að fá fleiri stig út úr.



# VERÐLAUN Á ALÞJÓÐLEGUM MÓTUM



Ísland átti nokkra fulltrúa á Diamond Spin mótinu sem fram fór í Póllandi í október.

Elín Katla áttistórglæsilegt mót frá upphafi til enda. Hún leiddi eftir stutta prógrammið með 10 stiga forskot og hélt áfram að auka forskotið í frjálsa prógramminu þar sem hún framkvæmdi fjögur þreföld stökk. Nánast allt gekk upp hjá henni og hún tryggði sér öruggan sigur með samtals 109,88 stigum – heilum 32 stigum á undan næsta keppanda. Úrslit Elínar Kötlu voru ekki aðeins sigur heldur einnig nýtt Íslandsmet, bæði í heildarstigum (109,88) og í frjálsu prógrammi (70,71 stig). Hún átti sjálf fyrri metin sem hún setti á Haustmóti ÍSS 2025.

Þetta voru fyrstu alþjóðlegu verðlaun Elínar Kötlu í Advanced Novice-flokki og stór áfangi í hennar keppnisferli.

Júlía Sýlvía Gunnarsdóttir og Manuel Piazza tóku einnig þátt og unnu mótið með afgerandi hætti.

Parið hlaut alls 140,40 stig í heildina, sem var 13 stigum meira en parið sem hafnaði í öðru sæti. Þetta eru ekki einungis fyrstu gullverðlaun þeirra Júlíu Sýlvíu og Manuel, heldur einnig fyrstu gullverðlaun Íslands í paraskautun á alþjóðlegu móti, sögulegur áfangi fyrir íslenskar skautaiþróttir.

## Dómarar og tæknifólk

Efling og menntun dómara og tæknifólks frá Íslandi er mikilvæg. Við erum heppin að eiga starfsfólk með góða menntun og það er mikilvægt að við eigum þar fólk með alþjóðleg réttindi. Reynsla starfsfólksins hefur mikið að segja varðandi áframhaldandi menntun þeirra og mun ÍSS halda áfram að styðja okkar starfsfólk á þeirra sviði með því að veita þeim tækifæri bæði á íslenskum mótum sem og erlendum mótum.

Það hefur verið stefna ÍSS að senda dómara með íslenskum skauturum á erlend mót sem bæði styrkir stöðu dómara sem og skautaranna okkar.

ÍSS vinnur áfram að frekari framþróun starfsfólks í þeirra störfum og vonumst við til þess að á næstu árum munu fleiri bætast í hóp þeirra sem hafa alþjóðleg réttindi.

Haldið var árlegt námskeið fyrir dómara og tæknifólk, bæði nýliða og lengra komna, í ágúst.

Halla Björg Sigurþórsdóttir stóðst próf Alþjóðaskautasambandsins til ISU réttinda dómara, fyrst Íslendinga. Að vera ISU dómari veitir einstaklingum, meðal annars, réttindi til þess að dæma á Evrópumeistaramóti og Heimsmeistaramóti og jafnframt á Ólympíuleikum.

Prófið sjálft er tekið yfir 48 klukkustunda tímabil og reynir mjög á þekkingu, sjálfstæði og kunnáttu dómara.

Undirbúningurinn fyrir prófið er áralangur þar sem ferðast er um allan heim að dæma á hinum ýmsu alþjóðlegu mótum í þeim tilgangi að öðlast reynslu og þekkingu sem þarf. Það að íslenskur dómari fái þessi réttindi endurspeglar hversu langt íslenska skautaiþróttin hefur náð á ekki svo löngum tíma.

Halla Björg dæmsi svo á Evrópumeistaramóti Alþjóðaskautasambandsins (ISU), sem fór fram í Sheffield. Með þessu varð hún fyrsti Íslendingurinn til að sitja á dómarapanel á Evrópumeistaramóti ISU.

Áætlað er að þrjár aðilar þreyti próf til nýrra eða hærrí réttinda í Frankfurt í sumar.



# SKAUTARI ÁRSINS



Sædís Heba Guðmundsdóttir var valin skautakona ársins 2025. Þetta er í fyrsta sinn sem hún hlýtur titilinn.

Sædís hóf árið á keppni á European Youth Olympic Festival (EYOF). Síðar á tímabilinu keppti hún á Sonja Heine Trophy og endaði með 109.38 heildarstig og 13. sætið. Sædís lauk síðan keppnistímabilinu 2024-2025 með trompi á Vormóti ÍSS með nýju persónulegu stigameti.

Sædís var fulltrúi Íslands á báðum Junior Grand Prix mótaröðum á tímabilinu 2025-2026.

Fyrsta fór fram í Riga þar sem hún hlaut 99.32 stig og hið síðara í Gdansk þar sem hún hlaut 104,69 stig. Bætti Sædís árangur sinn á milli móta og sýndi stöðuga framfarir í sterkri alþjóðlegri keppni.



# SKAUTAPAR ÁRSINS

Júlía Sylvía Gunnarsdóttir og Manuel Piazza eru skautapar ársins 2024. Þetta er í annað sinn sem þau hljóta titilinn.

Júlía og Manuel eru á sínu öðru tímabili saman í paraskautun og eru búsett í Bergamo á Ítalíu.

Parið hóf árið á keppni á Evrópumeistaramóti ISU sem fór fram í Tallinn, Eistlandi og lauk síðan skauta tímabilinu 2024-2025 með þátttöku sinni á Road to 26, undirbúningsmót fyrir Ólympíuleikana 2026.



Tímabilið 2025-2026 hófst síðan með trompi á Lombardia Trophy. Þar unnu þau sig inn nýtt persónulegt stigamet bæði í stuttu og frjálsu prógrammi og samanlagðri einkunn. Með þessari frammistöðu staðfesti parið sinn keppnisrétt á EM.

Næst hélt parið til Beijing á úrtökumót fyrir Ólympíuleikana. Þar var keppt um síðustu 3 sætin fyrir Ólympíuleikana 2026. 11 pör voru komin til leiks og hafnaði parið í 8 sæti með heildarstig upp á 152.03. Næst tók parið þátt á Diamond Spin í Póllandi. Þar sigruðu þau með 140.40 stig

Júlía og Manúel áttu marga sögulega áfanga fyrir íslenskar skautaiþróttir á þessu ári. Fyrsta íslenska skautaparið til að taka þátt á evrópumeistaramóti, fyrsta parið til að taka þátt á úrtökumóti fyrir Ólympíuleikana og fyrsta parið til að vinna sér til gullverðlauna á alþjóðlegu móti.

## MÓTAHALD

Mótanefnd sá um eftirlit á mótisstað á ÍSS mótum, líkt og fyrrí ár, ásamt því að vinna úr mótisstjóra- og yfirdómaraskýrslum allra móta. Starf nefndarinnar er yfirgripsmikið og krefst samvinnu margra aðila.

ÍSS skipulagði á þessu tímabili fjögur mót:

- Haustmót
- Northern Lights Trophy 2025
- Íslandsmót
- Vormót

Íslandsmeistaramót ÍSS 2025 fór fram í Skautahöllinni í Laugardal í nóvember. Mótið fór vel fram.

### Bikarmótaröð ÍSS

Bikarmótaröð ÍSS fór nú fram í sjöunda sinn. Að þessu sinni voru það Haustmót, Íslandsmót og Vormót sem voru hluti að bikarmótaröðinni.

Að Vormóti loknu voru Bikarmeistarar ÍSS krýndir í verðlaunaafhendingu.

Bikarmeistarar Skautasambands Íslands 2026 er Fjölnir listskautadeild.



### Stigatafla Bikarmótararöðar ÍSS 2024-2025

	Fjölnir	SA	SR
Haustmót	15	11	13
Íslandsmót	15	11	13
Vormót	30	26	22
<b>Samtals</b>	<b>60</b>	<b>48</b>	<b>48</b>



# Íslandsmeistaramót 2025



## Íslandsmeistarar 2025

Advanced Novice:  
Elín Katla Sveinbjörnsdóttir

Senior Women:  
Lena Rut Ásgeirsdóttir

Senior Pair:  
Júlía Sýlvía Gunnarsdóttir &  
Manuel Piazza



# MÓTAHALD Í SKAUTAHLAUPI

Vinnuhópur um skautahlaup vinnur að skipulagningu speed skating móta á Íslandi, í samvinnu við mótanefnd og mótshaldara hverju sinni.

Á þessu tímabili voru haldin eftirfarandi mót

- Vormót
- Íslandsmeistaramót

## Íslandsmeistarar 2025

222m

Senior Men: Erwin van der Werve

Senior Women: Tamar M. Heijstra

Junior Men: Logi Erwinsson van der Werve

Junior Women: Ylfa Erwinsdóttir van der Werve

500m

Senior Men: Erwin van der Werve

Senior Women: Tamar M. Heijstra

Junior Men: Logi Erwinsson van der Werve

Junior Women: Ylfa Erwinsdóttir van der Werve

1000m

Senior Men: Erwin van der Werve

Senior Women: Ylse Anna de Vries

Junior Men: Logi Erwinsson van der Werve

Junior Women: Ylfa Erwinsdóttir van der Werve





# JUNIOR GRAND PRIX 2025

Að þessu sinni átti Ísland rátt á því að senda keppendur á tvö mót á unglíngamótaröðinni, ISU Junior Grand Prix.

Fulltrúi ÍSS var:  
Sædís Heba Guðmundsdóttir, LSA



Hún keppti á eftirfarandi mótum mótaráðarinnar:

- 20. – 23. ágúst í Riga, Lettlandi
- 1. – 4. október í Gdansk, Póllandi

Hún ferðaðist ásamt þjálfara sínum, Jönu Omelinova, ásamt liðsstjóra. Einnig sendi ÍSS dómara til þátttöku á báðum mótunum. Í Riga fékk Sædís 99.62 stig og hafnaði í 27. sæti. Í Gdansk fékk hún 104.69 stig og hafnaði í 30. sæti. Hún bætti áranug sinn á milli móta og sýndi stöðuga framför í sterkri alþjóðlegri samkeppni.

---

# Northern Lights Trophy



Alþjóðlega listskautamótið Northern Lights Trophy fór fram í Egilshöll.

Mótið var haldið af Skautasambandi Íslands og listskautadeild Fjölnis, og tókst það afar vel þrátt fyrir að þörf hefði verið fyrir fleiri sjálfbodaliða til að sinna fjölbreyttum verkefnum mótsins.

Mótið er tvískipt; annars vegar alþjóðlegt mót, þar sem keppt er í Advanced Novice, Junior og Senior flokkum, og hins vegar Interclub-mót, þar sem fjölmargir íslenskir skautarar tóku þátt og stóðu sig allir vel.

Ísland átti fjóra keppendur í alþjóðlega hluta mótsins.

Í Junior Women keppti Sædis Heba Guðmundsdóttir. Hún endaði í 4. sæti, einungis 1,5 stigum frá þriðja sætinu.

Í Advanced Novice Women kepptu Elín Katla Sveinbjörnsdóttir, Arna Dís Gísladóttir og Ylfa Rún Guðmundsdóttir.

Ylfa Rún endaði í 10. sæti og Arna Dís í 9. sæti. Elín Katla sigraði keppnisflokkinn með yfirburðum, 19 stigum á undan næsta keppanda.

Elín Katla setti jafnframt nýtt Íslandsmet í bæði stuttu prógrammi, frjálsu prógrammi og í heildarstigum. Þetta var í annað sinn á fáeinum vikum sem hún setur nýtt met, en hún bætti eigið heildarstigamet um 10 stig.



## EVROPUMEISTARAMÓT ISU 2026

Evrópumeistaramótið fór fram í Sheffield í Bretlandi.

Júlía Sylvía Gunnarsdóttir og Manuel Piazza voru keppa í annað skipti fyrir hönd Íslands á Evrópumóti á listskautum.

Parið mætti ásamt þjálfurum og liðsstjóra til Sheffield. En einnig átti Ísland fulltrúa á dómrapanel.

Eftir glæsilega frammistöðu í stutta prógramminu stóðu þau í 9. Sæti og komust þar með örugglega inn í úrslitin með frjálsa prógrammið.

Að lokum höfnuðu þau í 11. sæti. Sögulegur árangur fyrir Ísland.



## NORÐURLANDAMÓT 2026

Norðurlandamótið fór fram í Hvidovre í Danmörku.

Að þessu sinni átti ÍSS 6 fulltrúa á mótinu í flokkum Advanced Novice, Junior og Senior.

Auk þeirra í ferðinni voru þjálfarar þeirra ásamt liðsstjóra ÍSS Svövu Hróðný Jónsdóttur.

Einnig voru tveir fulltrúar á dómaraþing þær María Fortescue og Katla Rún Ísfeld Erlendsdóttir.

### Keppendur ÍSS voru

Arna Dís Gísladóttir

Elín Katla Sveinbjörnsdóttir

Elysse Marie Albuo Mamalias

Sædís Heba Guðmundsdóttir

Lena Rut Ásgeirsdóttir





## ALLIR MEÐ listleikarnir

Allir Með leikarnir eru haldnir árlega en það reynist skauturum og öðrum listgreinum erfitt að taka þátt vegna sérstöðu sinnar. Það voru því sterkir aðilar innan SO Ísland, sem vinna með listgreininum, sem tóku sig saman og efndu til Allir Með listleikanna. Opið var fyrir skráningar, en einungis gátu 50 íþróttamenn tekið þátt. Verkefnið gekk frábærlega með góðri þátttöku og frábærri frammistöðu íþróttafólksins.

## Austira Open

Skautadeild Aspar ferðaðist til Innsbruck í Austurríki þar sem þau tóku þátt í opnu, alþjóðlegu mótinu fyrir Special Olympics skautara. Stór hópur lagði land undir fót og stóðu sig allir með þrýði og voru ÍSS og SO á Íslandi til sóma.



**ALLIR MEÐ LISTLEIKARNIR**

Íþróttaveisla fyrir einstaklinga 5 ára og eldri með fatlanir

SETNING HEFST	14:00
JAZZBALLETT	14:30-15:00
SAMKVÆMISDANS	15:00-15:30
NÚTÍMAFIMLEIKAR	15:30-16:00
SKAUTAR	16:15-16:50

25. JANÚAR EGILSHÖLL 3. HÆÐ  
50 LAUS PLÁSS - SKRÁÐU ÞIG HÉR



## SKAUTAHLAUP

Á tímabilinu var haldið áfram með uppbyggingu á skautahlaupi á Íslandi. Áfram eru þrjú aðildarfélög með æfingar í skautahlaupi á stuttri braut (e. Short Track), en Akureyri reynir að nýta sér náttúrulegan ís þegar hægt er fyrir æfingar á langri braut (e. Longtrack)

Sótt var um aðild að skautahlaups hluta ISU í mars 2026 og er gaman frá því að segja að umsóknin var samþykkt og er ÍSS núna með bráðabirgða aðild, en það er alltaf fyrsta skrefið í aðildinni.

Samvinna við aðildarfélögin var lykilþáttur í undirbúningi fyrir aðildarumsókn og þökkum við þeim kærlega fyrir samvinnuna.

Í nóvember, samhliða Íslandsmeistaramóti, var haldið opið æfingakvöld í Reykjavík. Verkefnið var styrkt af Allir með verkefninu sem miðast að inngildingu íþróttafólks með fatlanir. Erwin van der Werve kom frá Akureyri og var með almenna æfingu fyrir áhugasama, sér æfingu fyrir Special Olympics skautara, afís æfingu og að lokum fræðsluerindi.



## SKAUTAHLAUP

Í september setti ÍSS, í samvinnu við ÍHÍ, af stað verkefnið Hraðasti skautarinn. Verkefnið er opið öllum skauturum af öllum kynjum í skautahlaupi, listskautum og íshokki fæddum 2012-2014.

Tímatökur fara fram á æfingatíma og geta skautarar, með aðstoð þjálfara sinna, sent inn tímatökur tvisvar yfir tímabilið. Besti tíminn gildir og eru veitt verðlaun fyrir hraðasta skautarann í hverjum aldursflokki og.

Síðustu tímatökurnar fara fram í byrjun maí og í framhaldi af því fer fram verðlaunaafhending og fréttatilkynning verður send út.



Í apríl átti Tineke de Dulk, bronsverðlaunahafi frá Ólympíuleikunum í Milano, leið til Íslands í frí. Hún setti sig í samband við ÍSS og bauðst til þess að vera með kennslu og fræðslu fyrir okkur.



Í apríl sendi ÍSS fulltrúa á European Speed Skating Conference sem haldin var í Innsbruck, Austurríki. Þóra Gunnarsdóttir og Svava Hróðný Jónsdóttir fóru sem fulltrúar ÍSS. Næsta ár verður Evrópuþing haldið á Íslandi.



## EDDA SIGURLAUG INDRIDADÓTTIR

Edda Sigurlaug Indriðadóttir er ein af frumkvöðlum íslensks skautahlaups í langri braut (e. Long track) og sannkölluð fyrirmynd í íþróttasögu landsins.

Edda kom og heimsótti Vormót ÍSS í mars og gaf við það tækifæri Skautafélagi Akureyrar gamla skauta frá sér, ásamt verðlaunapeningum sem hún átti.

Edda fæddist á Akureyri árið 1936 og hóf ung að æfa skautaiþróttir á tímum þegar aðstæður voru einfaldar og krefjandi þar sem ekki var búið að byggja skautahallir fyrir iðkendum.

Þrátt fyrir það náði Edda ótrúlegum árangri. Hún varð Íslandsmeistari aðeins um 15 ára gömul og setti Íslandsmet á árunum 1951, 1952 og 1953. Afrek hennar voru svo mikil að hún átti um tíma öll helstu Íslandsmet í skautahlaupi kvenna, standa öll hennar met enn í öllum helstu vegalengdum (500 m, 1500 m, 3000 m og 5000 m).



## ISU EXTRAORDINARY CONGRESS 2025

Í júlí 2025 var haldið fyrsta aukafing ISU (1st Extraordinary Congress) Þingið fór fram í Lausanne í Sviss og var eina málefnið til umræðu og samþykktar ný stjórnarskrá ISU. Ný stjórnarskrá var samþykkt með miklum meirihluta atkvæða. Söguleg stund hjá ISU og átti ÍSS tvo fulltrúa á þinginu, þær Svövu Hróðný Jónsdóttur og Höllu Björg Sigurþórsdóttur.



## 77. ÍPRÓTTAÞING ÍSÍ



77. Íþróttafing ÍSÍ var haldið í Reykjavík í maí. Teknar voru mikilvægar ákvarðanir um framtíð og þróun íþrotta á Íslandi. Kosið var í framkvæmdastjórn ÍSÍ og var að lokum nýr forseti ÍSÍ kjörinn, Willum Þór Þórsson. ÍSS átti tvo fulltrúa á þinginu sem fóru með eitt atkvæði. Fulltrúar ÍSS voru Svava Hróðný Jónsdóttir og Þóra Sigríður Torfadóttir.

## UPPBYGGING & ÞRÓUN

Eins og síðustu ár hafa fulltrúar ÍSS unnið ötult starf í átt að uppbyggingu á fleiri skautasvllum á Íslandi. Vinnan er áframhaldandi og mikilvæg fyrir þróun skautaíprótta á Íslandi, því eins og allir innan skautasamfélagsins vita þá er vöntun á ístíma hjá öllum. Fundað hefur verið með forsvarsmönnum úr bæði Reykjavík og Hafnarfirði ásamt því að unnið er að útfærslu á útisvelli í Kópavogi. Hluti af fjármagni fyrir vélfryst útisvell er þegar tryggður og unnið er að veitingu aukins fjármagns til þess að verkenið klárast.

Mikil vinna hefur verið lögð í að setja upp reglulega aðgerðaráætlun með Reykjavíkurborg er varðar umhirðu og undirbúning fyrir náttúruis. Með því að fara að skauta úti þegar vötnin frjósa, vera sýnilegur í útiveru og merkja ÍSS í öllum samfélagsmiðlapóstum geta allir aðstoðað okkur við það að sýna mikilvægið og þörfina.

Unnið hefur verið áfram í þeim tengslum sem við þegar höfðum myndað og einnig hefur verið gott samráð við Íshökkísamband Íslands. Samvinna þessara sambanda er mikilvæg til þess að unnið sé að uppbyggingu sem hentar öllum ís ípróttum. Samvinnan hefur gengið mjög vel þar sem allir hagsmunaaðilar hafa verið boðaðir á fundi ásamt því að framkvæmdastjórar beggja sambanda hafa unnið vel saman og erum við viss um að það er bjart framundan í þessum efnunum.

Samhæfður skautadans, synchro, hefur haldið áfram og fest sig í sessi hjá Skautafélagi Reykjavíkur. Mikil vinna fer í svona uppbyggingarstarf og er Skautafélag Reykjavíkur í góðri stöðu með sérfræðinga í samhæfðum skautum sem vinna innan félagsins. Og eins og ítrekað hefur verið kynnt þá er þessi grein sú grein innan listskauta sem spornar helst við brottfalli unglunga.



## AÐ LOKUM

Íslenskir skautarar hafa staðið sig vel bæði innanland sem og erlendis. Við horfum björtum augum til framtíðar og sjáum fram á endurtekna þátttöku íslenskra skautara á stórmótum. Þetta er eingöngu mögulegt með faglegu starfi við afreksstarf og stuðningi og styrkveitingum í þau verkefni.

Stefna ÍSS er að auka framþróun allra skautaiþróttarinnar í landinu ásamt því að stuðla að uppbyggingu mannvirkja í öllum landshlutum. Þessari vinnu verður haldið áfram í góðri samvinnu ÍSS við aðildarfélögin og Íshökkísamband Íslands.

Stjórn ÍSS vill koma á framfæri þakklæti til allra sem komið hafa að vinnu ÍSS síðastliðið ár; Sjálboðaliðar, nefndarmenn, starfsmenn, keppendur, þjálfarar, stjórnir félaga, foreldrar og aðrir aðstandendur hafa hjálpast að við að gera umhverfi íþróttarinnar sem best og heilbrigðast og er það von stjórnar að sú vinna muni halda áfram.

